



## Fundargerð 96. aðalfundar Ljósmaðrafélags Íslands sem haldinn var þann 21. mars 2015 í fundarsal BHM í Borgartúni 6.

Í anddyri eru fyrirtæki með kynningar.

### 1) Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara

Áslaug býður fundargesti velkomna og setur fundinn kl. 11:00 og tilnefnir tvo fundarstjóra, þær Hildi Kristjánsdóttur og Berglindi Hálfðánsdóttur. Fundurinn samþykkir það.

Tveir fundarritarar eru tilnefndir: Ásta Hlín Ólafsdóttir og Bergrún Svava Jónsdóttir. Fundurinn samþykkir það.

Hildur tekur til máls. Hún býður fundargesti velkomna og kynnir dagskrá fundarins.

Veitingar sem eru í boði eru í boði aðila sem eru með kynningar frammi í anddyri.

### 2) Skýrsla stjórnar (sjá [fundargögn](#)).

Áslaug kynnir skýrslu stjórnar. Hún segir starfið hafa markast mikið af undirbúningi kjarasamninga. Búið er að samþykkja að fara í verkfall. Tveir félagsfundir hafa verið haldnir, annar um menntunarmál, hinn um stofnun fagdeilda. Mikið samstarf innan BHM, við í LMFÍ höfum verið í hópi um vaktavinnu. Haldið var upp á 95 ára afmæli félagsins. Verið er að undirbúa 100 ára afmæli félagsins. Erla Doris er byrjuð að skrifa sögu félagsins. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins: Erum að beita okkur m.a. í að koma á yfirljósmodurstöðu. Ljosmodir.is: Búið að fá styrk upp á 950 þús. fyrir endurnýjun síðunnar. Áslaug segir frá hagræðingu í rekstri, skjalaflokkun, endurbótum á skrifstofunni o.fl. Engar athugasemdir eða spurningar.

### 3) Reikningar félagsins lagðir fram til samþykkis (sjá [fylgiskjal](#))

Inga Sigríður kynnir reikninga félagsins. Skoðunarmenn (Ingunn Vattnes og Margrét Guðmundsdóttir yngri) eru búnar að fara yfir reikningana og samþykkja. Skýrir út að tapið upp á tæpa milljón, tekur fram að allir sjóðir séu inni þessu (staðan fer eftir því hvenær styrkir eru leystir út). Erum á núllinu í daglegum rekstri. Höfum haft tekjur af námskeiðsgjöldum. Gekk vel að selja auglýsingar. Reynt að halda niðri rekstrarkostnaði við skrifstofu. Búið að spara töluvert í póstburðargjöldum. Erum að reyna að hagræða kostnaði í kringum rekstur á tölvukerfum.

Allir starfsmenn eru nú tryggðir, ekki bara formaður.



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Fyrirspurn úr sal: Jenný Eiðsdóttir spyr um stjórnarlaun og laun til verktaka, hefur hækkað síðan í fyrra. Inga Sigríður svarar: Búið að breyta tímasetningu á útborgun á þessum launum. Nú greidd stjórnarlaun eftir starfsárið en ekki eftir almanaksári, kemur því inn núna eitt og hálf ár. Reikningar samþykkir einróma.

#### 4) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt

Inga Sigríður kynnir fjárhagsáætlun (sjá fylgisskjal) Svipaðar áætlanir varðandi félagsgjöld, gert ráð fyrir óbreyttum tekjum af auglýsingum. Kostnaður við Ljósmeðrablaðið og Fylgjuna svipaður. Minni kostnaður varðandi NJF og ICM. Fyrirspurnir úr sal:

1. Ása Marínósdóttir spyr um blaðið og Fylgjuna. Áslaug svarar: Við höfum tekið þann pól að þær sem hafa hringt og spurt hafa fengið blaðið sent sér að kostnaðarlausu.
2. Jenný Eiðsdóttir vill fá nánari útskýringar á Þórdísarsjóði. Inga Sigríður svarar: Kostnaðurinn hefur verið vegna funda kjaranefndar og kjarakönnunar BHM. Flug fyrir fulltrúa kjaranefndar norður inni því líka. Um 1.1 milljón sem fór út af sjóðnum alls.

#### 5) Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur

Hildur ítrekar hverjir hafa kosningarrétt. Berglind telur 36 kjarafélaga í sal sem hafa kosningarrétt.

Áslaug ber fram tillögur stjórnar um lagabreytingar.

Stjórn LMFÍ leggur til að grein 5.1. í lögum félagsins

*5.1. Í aðalstjórn Ljósmeðrafélags Íslands skulu kosnar þrjár ljósmæður til tveggja ára, formaður, gjaldkeri og ritari. Einnig eru kosnir til tveggja ára varaformaður, varagjaldkeri og vararitari. Formaður kjaranefndar skal sitja sem meðstjórnandi í stjórn. Heimilt er að sitja í stjórn eða nefndum á vegum félagsins þrjú kjörtímabil í röð. Stjórnarmann sem setið hefur samfleytt í sex ár má kjósa í annað stjórnar- eða nefndarstarf, en líða verður eitt kjörtímabil þar til hann má gegna sama starfi aftur*

breytist á eftirfarandi hátt. Undirstrikað er breytt orðalag og undirstrikað ásamt feitlettrað er hrein viðbót:

*5.1 Í aðalstjórn Ljósmeðrafélags Íslands skulu kosnar sex ljósmæður alls, formaður, gjaldkeri, ritari, varaformaður, varagjaldkeri og vararitari. Hvert stjórnarsæti er kosið til tveggja ára í senn nema formann félagsins skal kjósa til þriggja ára í senn. Framboð til formanns skal berast fjórum vikum fyrir boðaðan aðalfund. Formaður kjaranefndar skal sitja sem meðstjórnandi í stjórn. Heimilt er að sitja í stjórn eða nefndum á vegum félagsins þrjú kjörtímabil í röð. Kjörinn fulltrúi í stjórn og nefndum félagsins*



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

*sem setið hefur samfleytt í þrjú kjörtímabil má kjósa í annað stjórnar- eða nefndarstarf, en líða verður eitt kjörtímabil þar til hann má gegna sama starfi aftur.*

Ástþóra spyr um hvernig þetta sé í öðrum félögum, Áslaug svarar því til að önnur félög sem hafa ekki nú þegar breytt eru með það á stefnuskrá sinni.

Harpa Ósk spyr um frest til að tilkynna dagsetningu fyrir aðalfund. Áslaug svarar og segir það 6 vikur.

Þessi tillaga er samþykkt einróma.

Berglind tekur við fundarstjórn.

## **Tillaga til breytinga á sjóðum félagsins**

Stjórn LMFÍ leggur til að rannsóknar- og þróunarsjóður (ROP) verði lagður niður og úthlutað verði úr sjóðnum í síðasta sinn í nóvember 2015. Þeim 4.5% af iðgjaldi félagsmanna sem renna í sjóðinn yrði dreift á eftirfarandi hátt.

2% færu til viðbótar í Þórdísarsjóð (kjarabaráttusjóður)

1% færi í sjóð sem notaður væri til fræðslu á vegum félagsins

1% færi til viðbótar í Brekkusjóð sem er varasjóður félagsins

0.5% færi í rekstur félagsins.

Þannig að eftir breytingar myndu iðgjöld félagsmanna dreifast eftirfarandi

6% í Þórdísarsjóð

1% í Fræðslusjóð

3% í Brekkusjóð

90% í rekstur félagsins

Áslaug kynnir tillöguna.

## Umræða:

Jenný Eiðsdóttir kemur með athugasemd, vill að það verði til verkfallssjóður.

Fundarstjóri bendir á að það þurfi þá að leggja fram tillögu þess efnis.

Hildur Kristjánsdóttir er með athugasemd: Segist alfarið á móti því að leggja niður þennan sjóð. Þarf að styrkja faglegt starf og rannsóknir. Vantar aðgang í sjóði fyrir þá sem stunda rannsóknir og eru ekki námi. Leggur til að tillagan verði felld. Segir að það sé langsótt að segja að rannsóknir séu endurmenntun eða símenntun.

Hafdís Ólafsdóttir: Bendir á BHM sjóði – hægt að nota þá. Hafa víða skírskotun.

Steina Þórey útskýrir aðeins hvernig þessi hugmynd varð til.

Inga Sigga útskýrir sjóðina. Þórdísarsjóður er kjara- og verkfallssjóður, þarf að skýra reglurnar.

Karítas Ívarsdóttir spyr: Hver er fórnarkostnaðurinn fyrir að setja allt í verkfallssjóð? Rætt stuttlega.



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Hildur tekur aftur til máls og breytir tillögu sinni. Setur fram breytingartillögu um lækkun í ROP í 2% - málamiðlun. Stífar reglur í Jóhönnu Hrafnfjörð sjóðnum (JHS), sem er sí- og endurmenntunar sjóður. Inga Sigríður segir frá í hvað styrkir ROP fóru 2014. Doktorsverkefni og mastersverkefni – oftast mastersverkefni. Áslaug segist skilja vel þessar vangaveltur. Stingur upp á því að borga ákveðna prósentu í JHS og úthluta meira úr honum ásamt því að leggja niður ROP. Hildur: Talar um JHS, takmarkað hægt að sækja í hann. Hún sótti sjálf um í JHS og fékk ekki úr honum.

## Tillaga Hildar:

*„Rannsóknar- og þróunarsjóður verði ekki lagður niður heldur verði framlag í Rannsóknar-og þróunarsjóð lækkað úr 4,5 af félagsgjöldum í 2%“*

Hafís Ólafsdóttir bendir á að aðildarfélag innan BHM séu ekki með svona sjóði almennt. Fólk sækir í sjóði BHM.

Áslaug útskýrir frekar. Segir að það væri auðvitað gaman að geta haft alla sjóðina en við verðum að forgangsraða.

## Tillaga frá Jenný Eiðsdóttur:

*„Stofna skal sérstakan verkfallssjóð til að bæta launatap félagsmanna í verkfalli. Ber upp þá tillögu að 50% af Þórdísarsjóði sé verkfallssjóður sem ekki verður notaður í annað.“*

Umræða um Þórdísarsjóð.

Gunnþóra: Vill frekar eiga fyrir góðri baráttu fyrst áður en við greiðum okkur sjálfum.

Inga Sigríður talar meira um Þórdísarsjóð.

Elísabet spyr hvort þá verði tryggt að nægt fé verði til að greiða fyrir kjaranefndarkostnað. Það er ekki hægt að tryggja það.

Jóhanna Skúladóttir segist fá 1000 kr. fyrir hvern fund en ekki sé greitt fyrir aðra vinnu.

Elínborg: Bendir á að Þórdísarsjóður á ekki að vera með of mikla fjötra. Ákveðið frelsi að hafa ekki of stífar reglur.

Hilda: Spyr um Brekkusjóð, í hvað má hann fara? Áslaug svarar. Brekkusjóður er tómur, tæmdist í málaferlunum.

Berglind stýrir kosningu um tillögu Hildar (sjá að ofan):

Samþykkt með 17 atkvæðum og 11 atkvæðum á móti.

Áslaug leggur til að þau 2,5 % sem út af standa fari í Brekkusjóð.

Kosning: Samþykkt með 36 atkvæðum, enginn á móti.



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

## **Tillaga frá félagsfundi um úthlutunarfé úr Rannsóknar- og þróunarsjóði:**

„*Þeir peningar sem vera áttu til úthlutunar úr Rannsóknar og þróunarsjóði 2015 verði notaðir til að bæta launatap félagsmanna komi til verkfalla. Þó verði staðið við áður ákveðnar skuldbindingar sjóðsins.*“

Birna Gerður: Spyr hvort hægt sé að sækja í JHS. Áslaug segir að það verði ekki hægt að því gefnu að önnur tillaga verði samþykkt. Ekki spurning um lagabreytingu.

Kosning: Samþykkt með öllum 36 atkvæðum með, ekkert á móti.

## **Tillaga Jennýjar** (sjá að ofan):

Kosning: Hafnað með 1 atkvæði með og 19 á móti

## **Önnur tillaga frá Jenný:**

„*Legg til að 1% af Þórdísarsjóði fari í verkfallssjóð til að bæta launatap*“.

Kosning: Hafnað með 2 atkvæði með og 18 á móti.

## **Tillaga til breytinga á fagfélagsgjöldum:**

„*Stjórn LMFÍ leggur til að fagfélagsgjöld verði hækkuð úr 8.500 kr. í 10.500 kr. til jafns við það sem algengt er í öðrum félögum. Jafnframt munu fagfélagar fá Fylgjuna ásamt báðum tölublöðum Ljósmeðrablaðsins*“

Kosning: Samþykkt með 28 atkvæðum með og ekkert á móti.

## **Tillaga að hlutverki Siðanefndar LMFÍ:**

„*Nefndin er skipuð þremur fulltrúum og tveimur til vara og skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins. Stjórnarmenn LMFÍ eru ekki kjörgengir í siðanefnd.*

*Siðanefnd LMFÍ skal veita félagsmönnum sínum ráðgjöf og gefa umsögn um fagleg eða persónuleg álitamál tengd starfi ljósmæðra.*

*Nefndin skal einnig veita félagsmönnum aðstoð við að leita sátta í tengslum við ágreining er upp kann að koma varðandi störf þeirra.*

*Nefndin er stjórn félagsins til ráðgjafar um siðfræðileg efni.*

### *Starfsreglur*

- *Nefndin styðst við alþjóðasiðareglur ljósmæðra*
- *Fulltrúar í siðanefnd fara með öll mál sem til hennar koma sem trúnaðarmál, nema þeir sem málið varða veiti heimild til opinberrar birtingar.*
- *Beiðnir til siðanefndar skulu berast formanni nefndarinnar skriflega (ekki rafrænt)*
-



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

- *Formaður kallar nefndina saman eins fljótt og kostur er eftir að erindi berst.*
- *Nefndin getur með samþykki þess sem leitar til hennar, vísað málum til annarra aðila.*
- *Nefndin áskilur sér rétt til að leita álits hjá óháðum aðilum s.s. lögfræðingi.*
- *Nefndin getur vísað málum frá.*
- *Nefndin áskilur sér þann rétt til að taka sér þann tíma sem hún telur nauðsynlegan til umfjöllunar mála.*
- *Nefndin svarar öllum málum skriflega (ekki rafrænt).*
- *Nefndin er álitsgjafi en ekki dómsaðili.*“

Kosning: Samþykkt með 34 atkvæðum með og engu á móti.

## **Tillaga að stofnun fagdeildar brjóstagjafaráðgjafa:**

„Stjórn LMFÍ leggur til að unnið verði að stofnun fagdeildar brjóstagjafaráðgjafa innan vébanda félagsins. Samhliða verði stjórn félagsins falið að vinna að tillögu til breytingar á lögum sem heimilar brjóstagjafaráðgjöfum sem hafa gild IBLCE réttindi að verða meðlimir þeirrar fagdeildar.“

Kosning: Samþykkt með 22 atkvæðum með, engu á móti.

## **Tillaga frá Sigríði Síu Jónsdóttur:**

„Lagt er til að LMFÍ eða nefnd á vegum félagsins afli upplýsinga um þau fæðingaheimili sem ljósmæður ráku áður bæði í Reykjavík og víðar um landið og fái leyfi núverandi eigenda til að setja skildi á húsin. Þetta verði veglegir varanlegir skildir þar sem kemur fram að í þessu húsi hafi verið rekið fæðingaheimili árin xxxx-xxxx og nafn viðkomandi ljósmóður/ljósmæðra sem ráku það komi einnig fram og jafnvel sé þess nokkur kostur hve mörg börn hafi fæðst á heimilinu. Hafi húsið verði rífið verði fundinn staður sem næst fyrrverandi staðsetningu og þar settur skjöldur. Þessu verkefni verði lokið á 100 ára afmæli félagsins 2019.“

Ábending frá Sólveigu Þórðardóttur um að virkja sveitastjórnir í þetta verkefni. Spurt um hvað þetta eigi eftir að kosta, liggur ekki fyrir enn. Skapast umræða um þetta, þarf að útfæra betur og gera kostnaðaráætlun.

Kosning: Samþykkt með á 20 atkvæðum með og 2 á móti 2.



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

## Tillaga, Minningasjóður Jóhönnu Hrafnfjörð:

*„Að peningar þeir sem verða áttu til úthlutunar úr sjóði Jóhönnu Hrafnfjörð árin 2014 og 2015 (um. 1.2 millj.) verði nýttir til að bæta það launatap sem félagsmenn verða fyrir komi til verkfalls.“*

Kosning: Samþykkt, 29 með og 1 á móti.

## Tillaga frá félagsfundi 17.3. 2015

*„Ef að til verkfalls kemur verði félagsgjöld hækkuð um 0.5% eða í 2.25% tímabundið til að koma til móts við tekjutap þeirra félagsmanna sem fara í verkfall. Þessi ákvörðun verði endurskoðuð á aðalfundi félagsins 2016.“*

Fyrst er borin upp breytingartillaga frá Berglindi:

*„Ef það fé sem aflað verður með þessum hætti nýtist ekki að fullu til að bæta félagsmönnum tekjutap muni það sem eftir stendur renna í Þórdísarsjóð.“*

Kosning: Samþykkt, 27 atkvæði með, ekkert á móti.

Tillagan borin upp til kosningar: Samþykkt, 25 atkvæði með og eitt á móti.

HLÉ

## 6) Skýrslur nefnda/deilda

Hildur fer yfir skýrslur nefnda og deilda. Ekki lesið upp en bent á að þær hafa verið aðgengilegar á netinu í 2 vikur.

Allar skýrslur eru samþykktar einróma.

## 7) Stjórnar og nefndakosningar

Formannskosning: Áslaug Valsdóttir gefur ein kost á sér. Hún er kosin með lófaklappi.

Ritari: Ásta Hlín Ólafsdóttir gefur ein kost á sér. Hún er kosin með lófaklappi

Sjá má lista yfir nöfn í stjórn og nefndum í fundargögnum (sjá slóð á síðu 1)

Vantar eina í kjaranefnd. Lýst eftir framboðum. Engin gefur kost á sér.

Helga Gottfreðsdóttir: Er ekki æskilegt að einhver utan stóru stofnananna væri í kjaranefnd? Áslaug segir það vera dýrt að vera með fólk af landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður. Stungið upp á Katrínu Sif. Það er hringt í hana en hún sér sér ekki fært að taka þetta að sér að svo stöddu.

Elísabet Ósk Vigfúsdóttir gefur kost á sér og er kosin með lófaklappi.



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

## 8) Önnur mál

Áslaug tekur til máls. Dýrfinna fékk fálkaorðun um daginn. Hún fær blómvönd frá félaginu af því tilefni.

Steina Þórey: Fyrir hönd stjórnar tilkynnist að ákveðið hefur verið að starfshlutfall formanns verður 100% í stað 80% . Starfið er fullt starf og skilar formaður meira en fullri vinnu í hverri viku. Fundurinn klappar fyrir þessu.

Fundi formlega slitið kl. 14.20

Skemmtidagskrá:

1. Guðrún Ásmundsdóttir leikkona flytur erindið: „Nærkonur í útkalli“.
2. Erla Doris Halldórsdóttir sagnfræðingur sem er að skrá sögu félagsins frá 1979 -2015 mun kynna sitt starf og bókanefnd kynnir sig. Tala um þrjá möguleika á útgáfu: 1. Rafbók. 2. Rafbók og kilja (print by demand). 3. Rafbók og hátíðarútgáfa. Fundarkonum líst vel á allar leiðirnar. Helga bendir á að þetta kosti mikið og mælir með því að þær leiti ráða hjá þeim sem hafa staðið í slíkri útgáfu. Þær í nefndinni (Inga Sigga, Harpa Ósk og Álfheiður) halda áfram þessari undirbúningsvinnu – heitir nú ritnefnd en ekki undirbúningsnefnd!
3. Karitas Ívarsdóttir og Ragnheiður Bachman kynna starf þróunarstofu HH.

Dagskrá lýkur kl. 16.20